



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 17. maí, 2013

Ákvörðun nr. 15/2013

Samruni Ísaga ehf. og Strandmöllen ehf.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu bárust ábendingar vegna samruna Ísaga ehf. (hér eftir Ísaga) og Strandmöllen ehf. (hér eftir Strandmöllen) þann 29. ágúst og 6. nóvember 2012 og þann 19. mars 2013. Ábendingarnar sneru að því annars vegar að með samrunanum skapaðist einokunarstaða Ísaga á markaði og þar með væri hann skaðlegur samkeppni og hins vegar beindust ábendingar að því að Ísaga hefði haft samband við fyrrum viðskiptavinum Strandmöllen, þar sem fyrirtækið væri horfið af markaði, og boðið framleigu á gashylkjum, en með rúmlega 100% verðhækkun.

Á grundvelli fyrstu ábendingarinnar sendi Samkeppniseftirlitið bréf til Ísaga, þann 31. ágúst 2012, og tilkynnti félaginu um ábendingu sem eftirlitinu hafði borist um samruna þess og Strandmöllen. Tekið var fram í bréfinu að samrunaaðilum bæri að senda Samkeppniseftirlitinu tilkynningu í samræmi við 17. gr. a samkeppnislaga og reglur um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 684/2008, sbr. reglur 854/2008. Fram komi í ákvæðinu að tilkynna skuli Samkeppniseftirlitinu um samruna áður en hann komi til framkvæmda, en eftir að samningur um hann sé gerður, tilkynnt sé opinberlega um yfirtökuboð eða yfiráða í fyrirtæki sé aflað. Þá segi að samruni sem falli undir ákvæði samkeppnislaga skuli ekki koma til framkvæmda meðan Samkeppniseftirlitið fjalli um hann. Var þannig lagt fyrir Ísaga að tilkynna til eftirlitsins, eftir því sem við ætti og á þann hátt sem reglur gerðu ráð fyrir, um nefndan samruna. Vakin var athygli á því að samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga leggur Samkeppniseftirlitið sektir á fyrirtæki sem brjóti gegn banni við að samruni komi til framkvæmda og tilkynningarskyldu samkvæmt 17. gr. a samkeppnislaga.

Þann 13. september 2012 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Ísaga þar sem fram kom að tilefni bréfs Samkeppniseftirlitsins frá 31. ágúst væri væntanlega að Strandmöllen hefði sent viðskiptavinum sínum bréf og tilkynnt þeim að félagið væri að hætta starfsemi sinni. Þess hafi enn fremur verið getið í nefndum bréfum að félagið hygðist framselja öll hylki



og hylkjasamstæður til Ísaga, en fyrirtækin hefðu bæði starfað við sölu og leigu á gashylkjum, gasi og öðrum lofttegundum. Þá var tekið fram að um sölu umræddra lausafjármuna gildi ekki samningur sem Ísaga væri aðili að, heldur væri samningurinn milli Christian Nielsen Strandmøllen A/S í Danmörku (hér eftir CNS), móðurfélags Strandmøllen og AGA AB í Svíþjóð, móðurfélags danska félagsins AGA A/S og Ísaga. Samkvæmt samningnum tæki AGA AB að sér að kaupa gashylki, og aðra nánar tilgreinda lausafjarmuni af CNS, auk þess sem AGA AB yfirtæki nokkra fyrirframgreidda samninga sem Strandmøllen hefði gert um leigu á gashylkjum. Samningurinn fæli hins vegar ekki í sér samruna milli þeirra félaga sem að honum stæðu og á engan hátt yfirtöku á, eða samruna við, Strandmøllen, svo sem skýrlega væri tekið fram í samningnum sjálfum. Samningurinn lyti ekki að kaupum eða yfirtöku á hlutum, hlutabréfum, húsaleigusamningum, samningum um afhendingu á gasi eða þjónustu, vörumerkjum eða framleiðslulínunum. Þá tæki hann ekki til samninga við starfsfólk, ábyrgð á afhendingu vara eða ábyrgð á gæðum þegar veittra vara og þjónustu. Aukinheldur lyti hann ekki að yfirfærslu krafna, skulda eða annars slíks. Eingöngu væri um að ræða kaup á lausafjarmunum sem ætlunin væri að Ísaga notaði í rekstri sínum og væri það eina aðkoma Ísaga að málinu.

Með vísan til ofangreinds var það mat Ísaga að ekki væri um samruna að ræða og því síður að viðskiptin væru tilkynningarskyld. Ekki væri um að ræða breytingu á yfirráðum yfir fyrirtæki til frambúðar, eins og áskilið sé í samkeppnislögum. Strandmøllen væri að hætta starfsemi sinni og samningurinn lyti aðeins að kaupum á lausafjarmunum og yfirtöku á nokkrum leigusamningum um gashylki. Strandmøllen hefði hætt rekstri hvort sem af sölu lausafjarmunanna hefði orðið eða ekki. Væri því ekki um það að ræða að tvö félög væru að sameinast. Þá var einnig tekið fram, teldust kaupin samt sem áður falla undir samrunahugtakið, að samruninn væri ekki tilkynningarskyldur þar sem fyrirtækin féllu neðan veltumarka þeirra sem samkeppnislög feli í sér.

Samkeppniseftirlitið taldi að um samruna væri að ræða og óskaði í ljósi þess eftir upplýsingum um veltu samrunaaðilanna á Íslandi fyrir árið 2011, sbr. bréf dags. 19. september 2012, í því skyni að meta hvort veltumörk tilkynningaskyldu ættu við. Ársreikningur Ísaga barst eftirlitinu 22. september 2012. Honum fylgdi bréf þar sem fram kom að Ísaga hefði ekki undir höndum ársreikninga Strandmøllen eða aðgang að bókhaldi félagsins og fylgdu því umbeðnar upplýsingar ekki fyrir það félag.

Þann 25. september 2012 sendi Samkeppniseftirlitið bréf til lögmanns Ísaga og vísaði til fyrri bréfaskrifta sem og upplýsinga um veltu Ísaga á árinu 2011. Samkeppniseftirlitið tók fram að í ljósi þess að staðhæfingar hefðu verið settar fram um að velta fyrirtækjanna næði ekki veltumörkum þeim sem grein væri gerð fyrir í 17. gr. a samkeppnislaga og þess að sameiginleg heildarvelta fyrirtækjanna hefði verið, samkvæmt þeim upplýsingum sem veittar voru 22. september 2012, meiri en einn milljarður króna hafi eftirlitið ákveðið að beita heimild 3. mgr. 17. gr. b samkeppnislaga, enda teldi eftirlitið verulegar líkur á að samruni þessi gæti dregið umtalsvert úr virkri samkeppni. Voru samrunaaðilar þá krafðir



um tilkynningu vegna samrunans sem skyldi berast hið fyrsta og uppfylla reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum. Samkeppniseftirlitið vakti einnig athygli á því að óheimilt er að framkvæma samruna sem fellur undir samrunaákvæði samkeppnislaga, sbr. 3. mgr. 17. gr. a og 5. mgr. 17. gr. b laganna. Var þannig skorað á Ísaga og Strandmöllen að grípa ekki til neinna ráðstafana sem raskað gætu samkeppni á markaði fyrir sölu og leigu á gashylkjum, gasi og öðrum lofttegundum eða unnið gegn því að möguleg ákvörðun skv. 17. gr. c samkeppnislaga næði markmiði sínu. Var aðilum bent á að slíkar aðgerðir varði viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Þann 4. október 2012 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Ísaga þar sem tekið var fram að samrunaaðilar væru enn þeirrar skoðunar að ekki væri um samruna að ræða í skilningi samkeppnislaga, en þrátt fyrir það yrði samrunatilkynningu skilað inn fyrir 25. október 2012. Einnig var tekið fram að Strandmöllen hefði hætt starfsemi sinni í lok ágúst 2012 og að Ísaga myndi ekki synja fyrrum viðskiptavinum þess félags um viðskipti.

Að undangengnum nokkrum bréfaskiptum barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning þann 9. nóvember 2012, ásamt fylgigögnum, frá Ísaga. Reyndist hún ekki fullbúin og var aðilum tilkynnt um það. Þann 8. mars 2013 barst loks það sem vantaði upp á samrunatilkynningu í máli þessu, eftir ítrekuð og ítarleg bréfaskipti við samrunaaðila. Gera verður athugasemdir við þær tafir sem urðu við meðferð málsins af völdum málsaðila.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað frekari gagna frá samrunaaðilum og aflað upplýsinga frá aðilum sem hafa hagsmuna að gæta.

II. Markaðir málsins

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðgangur er þegar vara og þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Samrunaaðilar hafa starfað á markaði fyrir innflutning, framleiðslu, sölu, leigu og dreifingu á gashylkjum, gasi og öðrum lofttegundum. Efni standa hér til að skilgreina markaðinn þrengra, eftir nánar tilteknum sviðum, en Strandmöllen þjónustaði heilbrigðisstofnanir og tengda þjónustuaðila og fyrirtæki á sviði iðnaðar og í tengdri



þjónustu, áður en fyrirtækið hætti rekstri. Ísaga hefur starfað á umræddum sviðum auk fleiri sviða, svo sem sölu til almennings.

Það er mat samrunaaðila, og Samkeppniseftirlitsins, að landfræðilegur markaður í máli þessu sé Ísland. Ísaga rekur starfsstöð sína og verksmiðjur í Reykjavík, þó er ein verksmiðja í Grímsnesi og útibú í Hafnarfirði. Utan þessara svæða starfa umboðsmenn fyrir hönd Ísaga og annast þeir sölu og dreifingu á gasi frá eigin starfsstöðvum. Þannig nær Ísaga dreifingu um land allt.

III. Niðurstaða

Ljóst er, að mati Samkeppniseftirlitsins, að í kaupum Ísaga á lausafjármunum og yfirtöku á viðskiptasamningum Strandmöllen til framtíðar felst samruni í skilningi c-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga þannig að Ísaga nær yferráðum yfir þeirri starfsemi sem Strandmöllen hafði með höndum á markaði máls þessa. Samruninn fellur þar að auki undir c-lið 17. gr. b samkeppnislaga, sem heimilar Samkeppniseftirlitinu að kalla eftir samrunatilkynningu frá samrunaaðilum þó veltuskilyrði 17. gr. a séu ekki uppfyllt. Það er skilyrði fyrir slíku að verulegar líkur séu á að samruni, sem þegar hafi átt sér stað, geti dregið umtalsvert úr virkri samkeppni. Ljóst er að með samruna þessum myndast einokunarstaða á umræddum markaði og er það skilyrði þannig uppfyllt.

Samkeppnisleg áhrif samrunans eru á þeim sviðum er við koma heilbrigðisstofnunum og tengdum þjónustuaðilum og fyrirtækjum á sviði iðnaðar og í tengdri þjónustu, en á þeim sviðum starfaði Strandmöllen. Fyrir liggur að eftir hvarf Strandmöllen af markaði er Ísaga eitt eftir. Þá er ljóst að aðgangshindranir að áðurnefndum sviðum markaðarins eru töluverðar, þá sérstaklega þegar um ræðir þjónustu við heilbrigðisstofnanir, m.a. vegna mjög stífra öryggiskrafna á sviðinu.

Telja verður að erfitt kynni að reynast fyrir innlenda aðila að hasla sér völl á þeim mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Stærri erlend fyrirtæki ættu hugsanlega hægar um vik, en ómögulegt er að segja til um hvort eða hvenær slíkt kynni að eiga sér stað, ekki síst í ljósi þess að Strandmöllen, dótturfélag Christian Nielsen Strandmøllen A/S í Danmörku, hvarf af markaðnum vegna viðvarandi taprekstrar. Fyrir nýjan aðila mætti ætla að það væri mjög kostnaðarsamt að koma sér upp þeim búnaði og aðstöðu sem þyrfti til rekstrarins, en til þyrfti t.d. fjárfestingu í geymslum, hylkjum og öðrum sértækum búnaði, auk þess sem margvísleg leyfi þyrfti frá yfirvöldum til þess að heimilt væri að hefja rekstur á markaði málsins, en miklar og stífar öryggiskröfur eru til staðar. Þá má gera ráð fyrir að skipulagslegar hömlur væru á því að finna starfsemi eins og hér um ræðir húsnæði og lóðir. Aðgangshindranir að markaðnum eru því bæði af fjárhagslegum toga og í formi opinberra hindrana.

Áhrif samrunans á samkeppni á markaði málsins eru umtalsverð, en samruninn veldur því að einokunarstaða myndast.



CNS, eigandi Strandmöllen, hefur lýst því yfir að fyrirtækið hafi ekki séð sér fært að halda áfram rekstri vegna viðvarandi taprekstrar þann tíma sem það starfaði á Íslandi. Fyrirtækið hafi ekki séð fyrir sér framtíð á hinum íslenska markaði og þar af leiðandi ekki haft hug á að festa frekar fé í Strandmöllen. Því hafi lok rekstrar með þeim hætti sem hér hafi átt sér stað, þ.e. sala lausafjármuna auk yfirfærslu leigusamninga til Ísaga, verið skynsamlegasti kosturinn sem fyrirtækið hafi staðið frammi fyrir.

Í samkeppnisrétti er í undantekningartilvikum unnt að fallast á samruna, sem leiðir til þess að markaðsráðandi staða myndist eða slík staða styrkist, ef slík breyting á markaðnum er hvort sem er óhjákvæmileg, þar sem um væri að ræða sameiningu við félag eða rekstur sem ella myndi óhjákvæmilega hverfa af markaðnum vegna fjárhagserfiðleika. Slík niðurstaða er þó háð ströngum skilyrðum. Er meginsjónarmiðið það að slík undantekning geti aðeins átt við ef fyrir liggur að samkeppnislegri gerð markaðarins myndi hvort sem er hraka jafnmikið eða meira, þótt ekki yrði af samruna.

Í túlkunarreglum framkvæmdastjórnar EB um mat á láréttum samruna kemur fram að talið er að framangreindar aðstæður geti aðeins verið til staðar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: (1) Að fyrir liggja að félag það sem málsaðilar halda fram að stefni í þrot muni í nánustu framtíð hrökklast af markaðnum vegna fjárhagserfiðleika ef það yrði ekki tekið yfir af öðru félagi; (2) að möguleiki á annarri sölu nefnds félags, sem hefði minni röskun á samkeppni í för með sér, sé ekki til staðar; (3) að eignir þess félags sem stefnir í þrot myndu óhjákvæmilega hverfa af markaðnum og ekki verða grundvöllur nýs rekstrar, ef ekki kæmi til samrunans.

Samkeppniseftirlitið hefur lagt mat á hvort framangreind skilyrði eigi við í þessu máli. Af hálfu CNS hafa verið færð fyrir því rök að starfsemi Strandmöllen ehf. hafi ekki staðið undir sér og af þeim sökum hafi CNS tekið ákvörðun um að hverfa af markaðnum. Í málinu byggði CNS enn fremur á því að félagið hefði gert tilraunir til þess að selja starfsemina öðrum en Ísaga. Þann 19. apríl 2013 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því við CNS að fyrirtækið færði sönnur á þær fullyrðingar og þann 29. apríl 2013 bárust gögn frá CNS. Af þeim er ljóst að gerðar voru tilraunir til þess að selja starfsemi Strandmöllen og þær ekki borið árangur.

Í ljósi framangreinds telur Samkeppniseftirlitið að ekki sé unnt að grípa til íhlutunar í samrunann. Ekki hefur, við rannsókn málsins, verið leitt í ljós að mat samrunaaðila á aðstæðum hafi verið rangt eða að aðrar leiðir við brotthvarf Strandmöllen af markaði hefðu haft minna skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið telur að samkeppni á umræddum markaði yrði með þeim hætti sem nú er raunin, hvort sem gripið yrði til íhlutunar í samrunann með því að ógilda hann eða samruninn yrði látinn óátalinn. Aðstæður í máli þessu leiða þannig til þess að ekki er unnt að aðhafast frekar í málinu á grundvelli samrunareglna samkeppnislaga.



Eins og fram er komið leiðir samruninn til þess að einokunarstaða myndast að nýju á viðkomandi markaði. Ástæða er því til að fylgjast vel með þróun markaðarins, m.a. verðþróun. Í upphafi máls þessa bárust ábendingar um mikla verðhækkun til viðskiptavina sem áður höfðu verið í viðskiptum við Strandmöllen, en kaupa nú gas frá Ísaga. Þessar verðhækkningar hafa verið skýrðar svo að Ísaga hafi boðið sama verð til fyrirverandi viðskiptavina Strandmöllen og þeir höfðu áður boðið sínum eigin viðskiptavinum. Allt að einu er mikilvægt að aðilar á markaði séu á varðbergi gagnvart verðþróun á markaði þar sem einokun ríkir og komi ábendingum á framfæri við Samkeppniseftirlitið þegar við á.

Í 1. gr. samkeppnislaga kemur fram að markmiði samkeppnislaga skuli ná með því að vinna m.a. gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, skaðlegri fákeppni ásamt því að auðvelda aðgang nýrra keppnauta að mörkuðum. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga er það hlutverk Samkeppniseftirlitsins að framfylgja bannreglum laganna og ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi aðgerðum fyrirtækja. Þá er það einnig hlutverk eftirlitsins samkvæmt ákvæðinu að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi. Í 3. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins kemur fram að athugun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum geti leitt til þess að eftirlitið birti skýrslur eða grípi til aðgerða í því skyni að efla samkeppni, sbr. einnig d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga.

Við þær breyttu aðstæður sem orðið hafa á þeim mörkuðum sem mál þetta tekur til í kjölfar brotthvarfs Strandmöllen af hinum íslenska markaði, og með vísan til þeirra óformlegu ábendinga sem nefndar hafa verið, er það mat Samkeppniseftirlitsins að það sé nauðsynlegt að koma á reglubundinni upplýsingagjöf til eftirlitsins í samræmi við 4. mgr. 19. gr. samkeppnislaga, líkt og gert var með ákvörðun nr. 15/2011 *Reglubundin upplýsingaskylda Stjórnugríss hf.* Í ljósi þeirrar stöðu sem er á viðkomandi mörkuðum og í ljósi stöðu Ísaga á þeim telur eftirlitið mikilvægt að Ísaga upplýsi reglulega um verðbreytingar, aðra viðskiptaskilmála og fleiri atriði tengd viðskiptum og viðskiptaháttum fyrirtækisins. Þessar upplýsingar munu gera Samkeppniseftirlitinu kleift að meta hvort ástæða sé til sérstakrar rannsóknar á tilteknum atvikum eða háttsemi. Þá mun verða metið hvort leita þurfi sjónarmiða og upplýsinga hjá hagsmunaaðilum, s.s. viðskiptavinum og öðrum sem starfa á umræddum eða tengdum mörkuðum. Rétt er að undirstrika að upplýsingaöflun af þeim toga sem hér um ræðir og kvöð sú sem lögð er á Ísaga um upplýsingamiðlun felur ekki í sér mat þess efnis að líklegt sé að þau atvik eða háttsemi sem um ræðir feli í sér brot á samkeppnislögum.

Þann 11. apríl 2013 var fundað með fulltrúum Ísaga og kynnt fyrir þeim að ofangreint kæmi til álita í máli þessu. Leitað var eftir sjónarmiðum þeirra auk þess sem komist var að niðurstöðu um það hvaða upplýsingar skyldu koma fram í reglulegum greinargerðum til upplýsingagjafar. Fulltrúar Ísaga hreyfðu ekki andmælum við því að skylda af þessum toga yrði sett á fyrirtækið.



Hin reglulega upplýsingagjöf er tímabundin. Í síðasta lagi við síðustu skýrslugjöf verður tekin afstaða til þess hvort ástæða verði til að halda áfram reglubundinni vöktun eða breyta henni.

Ákvörðunarorð:

1.

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við samruna í máli þessu á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

2.

Á grundvelli 4. mgr. 19. gr. samkeppnislaga er sú skylda lögð á Ísaga ehf. að skila Samkeppniseftirlitinu reglulega greinargerð þar sem upplýst verður um eftirfarandi atriði í tengslum við vöruflokka hylkja á markaði fyrir innflutning, framleiðslu, sölu, leigu og dreifingu á gashylkjum, gasi og öðrum lofttegundum á sviðum tengdum þjónustu við heilbrigðisstofnanir og tengda þjónustuaðila sem og á sviði iðnaðar og í tengdri þjónustu:

- 1. Verðbreytingar frá síðustu upplýsingagjöf, hvort sem ræðir verðhækkanir eða verðlækkanir. Gerð skal almenn grein fyrir umfangi verðbreytinga, hvenær þær áttu sér stað og ástæðum þeirra.**
- 2. Aðrar breytingar á viðskiptaskilmálum Ísaga ehf. og samningum, sem Ísaga ehf. er aðili að, sem varða starfsemi á nefndum sviðum. Gera skal grein fyrir ástæðum þessara breytinga.**
- 3. Hvers konar höfnun Ísaga ehf. á viðskiptum, þar á meðal synjun á beiðnum hugsanlegra nýrra keppinauta á nefndum sviðum. Gera skal grein fyrir ástæðum þeirra hafnana.**

Greinargerð samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal berast Samkeppniseftirlitinu hálfárslega, eigi síðar en á eftirfarandi dagsetningum og skulu upplýsingar í greinargerð miðast við lok næstliðins mánaðar:

- 1. 15. ágúst 2013. Í þeirri greinargerð skal gerð grein fyrir breytingum sem orðið hafa frá birtingu ákvörðunar þessarar.**
- 2. 15. febrúar 2014.**
- 3. 15. ágúst 2014.**
- 4. 15. febrúar 2015.**

3.

Áður en reglubundin upplýsingaskylda hefst samkvæmt ofangreindum dagsetningum skal Ísaga ehf. veita Samkeppniseftirlitinu þær upplýsingar um breytingar á verði og viðskiptaskilmálum sem óskað er eftir í 1. mgr. 2. gr. fyrir tímabilið 1. ágúst 2012 til og með þess dags sem ákvörðun þessi er birt. Greinargerð þessi skal berast Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en 15. júní 2013.

4.



Öllum greinargerðum skulu fylgja afrit þeirra þar sem trúnaðarupplýsingar hafa verið afmáðar. Gera skal grein fyrir því til hvaða aðila trúnaður á viðkomandi upplýsingum tekur.

5.

Eigi síðar en við síðustu upplýsingaskil samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tekur Samkeppniseftirlitið afstöðu til þess hvort ástæða sé til að halda áfram reglubundinni upplýsingagjöf eða breyta henni.

6.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.”

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson